

Leiðbeiningar við útfyllingu umsóknareyðublaðs um fósturheimili

Sótt er um fósturheimili:

- Sótt er um *tímabundið fóstur*: hakað er við “samkvæmt 67.gr...-Tímabundið fóstur”. Skráð er hversu lengi er óskað eftir að vistun á fósturheimilinu vari. Hafa þarf í huga að samþykki foreldra og barns, ef við á, þarf að vera út það tímabil sem sótt er um. Taka skal fram undir upplýsingar um stöðu barns ef barnavernd sér fram á að vistunin muni vara lengur og plássið á fósturheimilinu miði við það.
- Sótt er um *varanlegt fóstur*: hakað er við “samkvæmt 67.gr...-varanlegt fóstur”. Ekki þarf að tiltaka tímabil vistunar þar sem að varanlegt fóstur er til 18 ára afmælisdags barns.
- *Umönnun og þjálfun á fósturheimili* (styrkt fóstur): Ef sótt er um greiðslur vegna sérstakrar umönnunar og þjálfunar er hakað við það. Ef barn er ekki þegar á fósturheimili er einnig hakað við tímabundið fóstur og tilgreint tímabil. Ekki er hægt að sækja um greiðslur nema til eins árs í senn. Barna- og fjölskyldustofa getur veitt leyfi til að framlengja samning í sérstökum tilvikum.

Barn:

- Skráið grunnupplýsingar um barn sem sótt er um fósturheimili fyrir. Gerð er ein beiðni fyrir hvert barn. Ef um systkini er að ræða er gert sér beiðnisblað fyrir hvert systkini en taka skal fram í „upplýsingar um stöðu barns” (liður 5) hvort það eigi systkini í fóstri eða von sé á umsókn fyrir systkini barnsins og að skoða þurfi fósturheimili þar sem annað/önnur börn geta einnig verið.

Forsjáraðilar:

- Aðeins að skrá þá sem eru með forsjá. Ef kynforeldri er ekki með forsjá skal hann ekki skráður undir þessum lið. Minnt er á að áður en barni er ráðstafað í fóstur skal barnaverndarþjónusta ávallt leita umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns sbr. 4.mgr. 67.gr.a. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Áður en sótt er um fósturheimili fyrir barn skal barnaverndarþjónustan meta hæfi forsjárlaus foreldris og hvort hægt sé að gera samning um tímabundna umsjá. Þó um þá ráðstöfun gildi sömu reglur og um tímabundið fóstur sé að ræða er ekki sótt um slíka ráðstöfun til Barna- og fjölskyldustofu.

Barn af erlendum uppruna:

- Skrá hver uppruninn er og ef það eru menningartengsl sem æskilegt er að viðhalda.

Upplýsingar um stöðu barns:

- Skráið hér það sem áður var gert í greinargerð. Ekki þarf að skila inn greinargerð þar sem upplýsingarnar koma fram í þessum lið.
- *Fjölskyldugerð og heimilisaðstæður*: Stutt/hnitmiðuð forsaga. Aðdragandi fósturs.
- *Áhugamál, styrkleikar barns og virkni utan skóla*: Hvað þarf að vera til staðar á fósturheimili/bæjarfélagi til að barn geti stundað áhugamál eða viðhaldið styrkleikum sínum. Mikilvægt að taka fram hverjir styrkleikar barns eru.

- *Greiningar, hegðun og almennt heilsufar:* Skrá greiningar, hver gerði þær og hvenær, hvort að fyrirhugað sé að gera endurmat og hvort grunur sé um frekari greiningar. Hverjar eru þarfir barns umfram jafnaldra. Er áhættuhegðun til staðar sem þarf að vinna með. Hafið upplýsingarnar um þennan þátt sem ítarlegastan. Hvað þarf að vera til staðar á fósturheimili eða nærumhverfi til að koma til móts við þær þarfir sem barnið hefur.
- *Áfallasaga:* Hvað hefur barnið upplifað, hvernig hefur verið unnið með það. Stendur til að vinna með áfallareynsluna frekar. Hvað þarf að hafa í huga á fósturheimili/nærumhverfi barnsins vegna þess sem það hefur upplifað.
- *Náms- og félagsleg staða í skóla:* Nánari skýring í sviga
- *Félagsleg tengsl, vinir og félagar:* Hvernig ganga félagsleg samskipti. Þarfnast barn félagsfærniþjálfunar. Eru einhver tengsl sem æskilegt er að viðhalda á fósturheimili.
- *Núverandi þjónusta:* Hvaða þjónustu sækir barnið á meðan vistun stendur. Hvað þarf að vera til staðar í nærumhverfi barnsins. Hvernig sækir barnið þjónustuna, hversu oft, hvert er markmiðið með þjónustunni, hvernig er árangur mældur. Hvaða hlutverki gegna fósturforeldrar.
- *Reynd þjónusta:* hvað hefur verið reynt til að fyrirbyggja vistun t.d. MST, önnur úrræði barnaverndar. 1.-3.stigs þjónusta. Hvernig reyndist þjónustan. Ef hún nýttist ekki hver var ástæða þess.
- *Óskir um fósturheimili:* Staðsetning á landinu, geta önnur börn verið á heimilinu, aðstæður í nærumhverfi, annað? Hvaða óskir hefur barnið.
- *Hverjar eru fyrirhugaðar áætlanir barnaverndar eftir að fóstur lýkur?* Ef vinna á barnið aftur á heimilið, hvernig á að gera það? Hvað þarf að vera búið að gerast til að barnið geti komið aftur heim? Hvað geta fósturforeldrar átt von á að hafa barnið lengi? Er fyrirhugað að svipta foreldra forsjá og mun fósturinn þá vera framlengt?
- *Annað:* sem barnaverndarstarfsmaður telur mikilvægt að komi fram

Samþykki barns:

- Er barn samþykkt fyrirhugaðri ráðstöfun. Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur þess og þroska og taka skal réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn málsins. 15 ára og eldri þurfa að skrifa undir samþykkisyfirlýsingu ([Samþykki](#)). Ef barn verður 15 ára á meðan tímabundnu fóstur stendur skal skrifa undir samþykkisyfirlýsingu.

Fylgiskjöl:

- Hafi greinargerð könnunar verið send á BOFS vegna annarrar umsóknar þarf ekki að senda hana með þar sem hún er þegar til í gagnagrunni BOFS. Taka má fram ef hún hefur verið send áður og hvaða umsókn hún fylgdi.
- 23.gr. áætlun: Gæta að hafa fóstur þar inni. Hafa skýr markmið og hvað þarf til að ná þeim.
 - Viðeigandi aðilar skrifi undir áætlun. Ef barnaverndarþjónusta er með forsjá skal skila inn einhliða áætlun.
- 33.gr. áætlun: Mikilvægt að komi fram hvaða stuðning barnið og fósturforeldrar þurfa á meðan vistun stendur. Tíðni og umfang þjónustu sem barnið sækir og hvað er verið að vinna með. Hafa skýrt hver mun handleiða fósturforeldra og með hvað.
- Samþykki: Gæta að dagsetningar nái yfir fyrirhugað vistunartímabil. Forsjáraðilar skrifi báðir undir ásamt barni sem er orðið 15 ára. Ef barn verður 15 ára á tímabili tímabundins fósturs þá skal það skrifa undir samþykki til að minnka lýkur á að það þurfi að úrskurða í miðri vistun.
- Undirskrift: ekki þarf undirskrift foreldris og barns á umsókn en horft er til að þeir séu búnir að skrifa undir ráðstöfunina á 23.gr. áætlun og samþykkis eyðublaði fyrir vistun utan heimilis.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

- Annað sem gæti skipt starfsmann Barna- og fjölskyldustofu máli við vinnslu málsins.

Málstjóri og samþætting

- Málstjóri: Skráið nafn, símanúmer (helst beint) og netfang barnaverndarstarfsmanns sem fer með vinnslu málsins.
- Samþætting: Í 1. mgr. 33. gr. bvl. segir að þegar barnaverndarþjónusta fer með forsjá eða umsjá barns skal samþætta þjónustu í þágu farsældar barnsins óháð afstöðu foreldra. Vinsamlegast tilgreinið hverjir eru í stuðningsteymi barnsins.

Ef óskað er eftir frekari aðstoð við vinnslu umsóknar er hægt að hafa samband við starfsmenn fósturteymis í síma 530-2600 eða í gegnum netfang Barna- og fjölskyldustofu bofs@bofs.is. Einnig er hægt að óska eftir ráðgjafarfundum vilji starfsmenn barnaverndar fá að ræða einstaka mál áður en sótt er um eða á meðan umsóknarferli stendur.